

Hafnarfjarðarbær
b/t Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12. desember 2019
UST201911-066/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Krýsuvíkurborg í Krýsuvík - Hafnarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Krýsuvíkurborg í Hafnarfirði sem er innan Reykjanesfólkvangs.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir göngustígum, áningarstöðum, bílastæðum, almenningsalernum og upplýsingaskiltum fyrir ferðamenn á um 114 ha svæði við Krýsuvíkurborg í Krýsuvík. Einnig kemur fram að megin markmið tillögunnar eru m.a. að marka stefnu um uppbyggingu og vernd svæðisins, auka öryggi og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi vegna ágangs ferðamanna.

Leyfi

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagstillögur skulu ávallt vera í samræmi við friðlýsingarskilmála friðlýstra svæða. Auk þess skal ávallt leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan friðlýstra svæða.

Göngustígar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að farið verður í að afmá alla villuslóða á skipulagssvæðinu.

Upplýsingarskilti

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að upplýsingaskilti á skipulagssvæðinu séu í samræmi við leiðbeiningar í „*Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum*“ sem var unnin af Vatnajökulsþjóðgarði, Umhverfisstofnun, Þingvallabjörggarði og Ferðamálastofnu og er ætluð til fræðslu og leiðbeiningar fyrir þá sem standa að merkingum á ferðamannastöðum og náttúruverndarsvæðum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri